

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Kjósarhreppi.

Breyting á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur.

Sveitarstjórn Kjósarhrepps samþykkti 7. júlí 2021, breytingu á deiliskipulagi Hvamms og Hvammsvíkur í Kjósarhreppi.

Breytingasvæðið nær yfir um 20 ha svæði í landi Hvammsvíkur í Hvalfirði, Kjósarhreppi, þar sem skilgreindar eru 30 frístundalóðir. Einnig eru gerðar minniháttar breytingar á gönguleiðum á svæðinu. Um er að ræða svæði fyrir frístundabyggð sem er í beinu framhaldi af núverandi og eldra svæði, en hugmyndin er að tengja uppbyggingu við aðra þjónustu á staðnum, t.d. í hlöðunni og við sjóböðin.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Kjósarhreppi, 14. desember 2021.

Sigurður H. Ólafsson, skipulags- og byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 28. desember 2021